



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjórnar

---

### ***Umsögn um fyrirspurn Flokks fólksins um kostnað við innköllun varamanna á fundi borgarráðs.***

Á fundi borgarráðs 31. október 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um hvað það kostar að kalla út varamann annan en kjörinn fulltrúa? Óskað er eftir upplýsingum í hversu mörgum tilfellum það hefur verið gert á kjörtímabilinu og sundurliðun eftir flokkum sem og í hvaða sætum lista viðkomandi varamenn voru?

Í fyrirspurninni vantar upplýsingar um hvaða útköll varamanna er verið að spyrja um en í svari þessu er gert ráð fyrir því að verið sé að spyrja um fundi borgarráðs þar sem fyrirspurnin er lögð fram á þeim vettvangi.

Í fyrirspurninni er jafnframt fjallað um varamenn sem ekki eru „kjörnir fulltrúar“. Aðrir en kjörnir fulltrúar geta ekki tekið sæti sem ráðsmenn á fundum ráða og nefnda og er því í svari þessu gert ráð fyrir því að verið sé að spyrja um þau tilvik þar sem aðrir en kjörnir aðal- og varamenn í borgarráði taka sæti á fundum ráðsins.

Í 41. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar kemur fram að eingöngu aðalmenn í borgarstjórn eru kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í borgarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir en í þeim tilvikum þegar aðalmaður og varamaður eru báðir forfallaðir á sami framboðsaðili rétt á að tilnefna fulltrúa af framboðslista sínum til setu á þeim fundi.

Í samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fullrúa hjá Reykjavíkurborg kemur fram að borgarfulltrúar þiggja föst laun fyrir störf sín hjá Reykjavíkurborg. Þau eru nú kr. 963.647 og eru grunnlaun borgarfullrúa fyrir fullt starf. Í grunnlaununum felast að fullu greiðslur fyrir setu í nefndum og ráðum borgarinnar, þ.m.t. formennsku í öðrum nefndum en fastanefndum, innkomur sem varamenn og setur sem áheyrnarfulltrúar. Það er því almennt enginn aukinn kostnaður fólgin í því að kalla inn varamann í borgarráði enda eru í langflestum tilvikum um að ræða aðalmenn í borgarstjórn sem fá ekki sérstaklega greitt fyrir setu sína á fundum ráðsins.

Þegar um er að ræða forföll aðal- og varamanna í borgarráði sem leiðir til þess að nauðsynlegt er að boða fulltrúa af framboðslista sem ekki er á föstum launum, fær sá aðili greiddar kr. 23.489. fyrir hvern fund sem hann situr.



Meðfylgjandi er yfirlit yfir þau tilvik á kjörtímabilinu 2018-2022 þar sem varamaður fékk greidda sérstaka þóknun fyrir fundarsetu í borgarráði vegna forfalla aðal- og varamanna.

2018

Nafn fulltrúa sem boðar forföll	Nafn varamanns/áheyrnarfulltrúa	Fundarnúmer
Líf Magneudóttir	Hreindís Ylfa Garðarsdóttir Holm	5509
Líf Magneudóttir	Hreindís Ylfa Garðarsdóttir Holm	5517

2019


Nafn fulltrúa sem boðar forföll	Nafn varamanns/áheyrnarfulltrúa	Fundarnúmer
Dóra Björt Guðjónsdóttir	Rannveig Ernudóttir	5546
Dóra Björt Guðjónsdóttir	Valgerður Árnadóttir	5548
Líf Magneudóttir	Þorsteinn V. Einarsson	5549
Líf Magneudóttir	Þorsteinn V. Einarsson	5560

Engar greiðslur fóru fram til varamanna á árunum 2020 og 2021

2022

Nafn fulltrúa sem boðar forföll	Nafn varamanns/áheyrnarfulltrúa	Fundarnúmer
Jórunn Pála Jónsdóttir	Þórdís Pálsdóttir	5661
Hildur Björnsdóttir	Ólafur Kr. Guðmundsson	5661
Sanna Magdalena Mörtudóttir	Ásta Þórdís Skjalddal	5664
Líf Magneudóttir	Elín Björk Jónasdóttir	5670
Kolbrún Baldursdóttir	Einar S. Guðmundsson	5671
Líf Magneudóttir	Íris Andrésardóttir	5672
Kolbrún Baldursdóttir	Einar S. Guðmundsson	5688

Beðist er velvirðingar á því hversu lengi hefur dregist að svara fyrirspurninni.

  
Virðingarfyllst,  
Helga Björk Laxdal  
Skrifstofustjóri borgarstjórnar